

Lokaskýrsla til Kvískerjasjóðs

Tröllasmiður

Kortlagning útbreiðslu

Hólmfríður Jakobsdóttir

Kristín Hermannsdóttir

Lilja Jóhannesdóttir



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Litlubrú 2

780 Höfn í Hornafirði

21. desember 2022

EFNISYFIRLIT

Tröllasmiður- kortlagning útbreiðslu	2
Aðdragandi og framvinda verkefni	2
Aðferðir og niðurstöður	2
Vísinda- og menningarlegt gildi.....	4
Kynningar niðurstaðna	5
Ráðstöfun styrks Kvískerjasjóðs	5
Kostnaður	5

Tröllasmiður- kortlagning útbreiðslu

Styrkumsækjandi:	Náttúrustofa Suðausturlands
Kennitala umsækjenda:	440213-0490
Heimilisfang:	Litlabrú 2
Verkefnisstjóri:	Lilja Jóhannesdóttir
Sími:	4708060
Netfang:	lilja@nattsa.is
Upphæð styrks:	500.000 kr

Aðdragandi og framvinda verkefnis

Tröllasmiður (*Carabus problematicus*) er eitt stærsta skordýr Íslands og finnst hann aðeins á takmörkuðu svæði frá Hoffelli austur að Almanaskarði. Tröllasmiðurinn á Íslandi er sér undirtegund (*C.p. islandicus*) og er sveitarfélagið Hornafjörður því eini staðurinn í heiminum þar sem tegundina er að finna. Vegna sérstöðu tegundarinnar hefur verið lögð til friðlýsing bæði á henni sem og búsvæðum hennar. Íslenski tröllasmiðurinn hefur aftur á móti lítið verið rannsakaður og byggist þekking á útbreiðslu hennar á gömlum heimildum og tilviljanakenndum athugunum. Þar af leiðandi er staða tegundarinnar í þeim hröðu breytingum sem hafa átt sér stað í náttúrunni óljós.

Sótt var um styrk í *Kvískerjasjóð* árið 2021 til þess að leggjast í kortlagningu á útbreiðslu tröllasmiðs. Haustið 2021 tóku starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands 100m snið þar sem steinum var velt við sem og lagðar voru út skaðlausar gildirur í formi dúka en var sú tilraun árangurslaus og engir tröllasmiðir fundust. Þar með var ákveðið að næsta sumar yrði ný aðferð prófuð og var notkun fallgildra fyrir valinu. Aukalega hlaut styrkur frá Atvinnu- og rannsóknarsjóði Hornafjarðar og ráðinn var sumarstafsmaður sumarið 2022 til þess að sinna verkefninu. Á tímabilinu 21. júlí til 16. ágúst voru lagðar út fallgildur á tólf stöðum frá Hoffelli of austur fyrir Almanaskarð, við bæinn Efri-Fjörð.

Aðferðir og niðurstöður

Haustið 2021 voru lagðar út gildirur í formi dúka á 7 svæði frá Laxárdal að Slaufudal í Lóni (mynd 1). Á þessum svæðum voru einnig tekin 100 m snið þar sem steinum var velt við innan ákveðins svæðis í leit að tröllasmiðum.




Mynd 1: Til vinstri má sjá kort af gildrum sem lagðar voru út haustið 2021. Hægra megin má sjá gildruna eftir að hún hefur verið lögð úr.

Tímabilið 21. júlí- 16. ágúst 2022 voru lagðar út fallgildir á tólf stöðum í sveitarfélaginu Hornafirði, frá Hoffelli og austur fyrir Almanskarað. Rannsóknarsvæðinu var skipt ú í þrjú svæði, austur, mið og vestur. Voru lögð sex snið á vestursvæði (*Setberg I, Setberg II, Hoffellsdalur, Kráksgil, Gildruhraun og vestan Austurfljóts*), fjögur á mið svæði (*Laxárdalur, skotsvæði, Krosshraun og vestur Almanskarað*) og tvö snið voru lögð á austursvæði (*austur Almanskarað og Efri-Fjörður*) (mynd 2). Þar sem áhersla var lögð á skaðlausar gildir voru gildir lagðar út um nótt þegar litlar líkur voru á rigningu til að koma í veg fyrir að vatn safnist í gildrunum og bjöllurnar drukknar í þeim. Gildir voru svo heimsóttar daginn eftir og fjöldi tröllasmiða skráður sem og annarra dýra sem fengust í gildrunar. Allar gildir voru lagðar út í 3 nætur nema gildir á *Setbergi II, Gildruhrauni, Kráksgili og vestan Austurfljóts*, þær voru lagðar út í einungis eina nótt.



Mynd 2: Staðsetning fallgildra í Sveitarfélaginu Hornafirði sem lagðar voru út á tímabilinu 21. júlí til 16. ágúst. Skipting svæðis sýnt með litum.

Alls náðust tólf tröllasmiðir í gildur á 5 stöðum (mynd 3). Enginn tröllasmiður náðist á vestursvæði, ellefu náðust á mið svæði og einn á austur svæði. Tröllasmiður sem náðist á austursvæði kom í gildru í *austur Almannaskarði* en enginn tröllasmiður fékkst í hina gildruna á þessu svæði, *Efri-Fjörð*, sem einnig var austasta gildran á rannsóknarsvæðinu. Á miðsvæði fengust tröllasmiðir í gildrum á öllum stöðum sem snið voru lögð, mest náðust fjórir tröllasmiðir á sama sniði og var það í *Laxárdal*.



Mynd 3: Fjöldi tröllasmiða sem náðist í fallgildrum á hverju svæði.

Vísinda- og menningarlegt gildi

Tröllasmiðurinn á Íslandi hefur verið lítið rannsakaður og byggist þekking á útbreiðslu hans á gömlum heimildum og tilviljanakenndum athugunum, því er lítið vitað um útbreiðslu og stöðu tegundarinnar í dag. Ef marka má tilkynningar heimamanna virðist útbreiðsla tröllasmiðs vera að teygja sig austar þar sem fólk hefur orðið hans vart austan Almannaskarðs, t.d. við Slaufudal og við bæinn Syðri-fjörð. Markvissar rannsóknir á útbreiðslu tröllasmiðs er því mikilvægur þáttur til þess að efla grunnþekkingu um þessa sérstöku tegund. Kortlagning er mikilvægur grunnur að því að hægt sé að bregðast við ef staða tegundarinnar breytist til hins verra. Enn fremur býður kortlagning uppá samanburð í framtíðinni, sem til að mynda nýtist til þess að fylgjast með þróun stofnstærðar.

Íslenska undirtegundin af tröllasmið finnst á afar takmörkuðu svæði, frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarðs. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur því þá sérstöðu að vera eini fundarstaður þessarar tegundar. Í ljósi þess mega Hornfirðingar að vera stoltir af þessari tegund og standa vörð um hana.

Kynningar niðurstaðna

Skrifuð hefur verið skýrsla sem gerir grein fyrir niðurstöðum verkefnisins. Í skýrslunni er farið er ýtarlegar í niðurstöður rannsóknarinnar en hér er gert. Skýrslan hefur verið birt á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands undir „Útgefið efni“ (www.nattsa.is).

Ráðstöfun styrks Kvískerjasjóðs

Styrkurinn frá Kvískerjasjóði árið 2021 stóð undir kostnaði við vettvangsferðir og tíma við úrvinnslu ganga, kortagerðar og skýrslu skrifa. Lagt var í umfangsmeira verkefni heldur en áætlað var þegar sótt var um styrkinn en styrkur fékkst einnig úr Atvinnu- og rannsóknarsjóði Hornafjarðar.

Kostnaður

Í kostnaðar áætlun sem sett var upp árið 2021 var gert ráð fyrir samtals heildarútgjöldum uppá 2,981,700 kr. Þar var reiknað með styrk uppá 600,000 kr frá Kvískerjasjóði og mótframlagi Náttúrustofu Suðausturlands upp á 2,381,700 kr. Styrkur uppá 500,000 kr hlaut frá sjóðnum. Árið 2022 stækkaði verkefnið, styrkur til verkefnisins var veittur úr Atvinnu- og rannsóknarsjóði Hornafjarðar. Þá var ráðinn sumarstafsmaður til að sinna verkefninu. Uppfærð kostnaðar áætlun gerði ráð fyrir 5,728,166 kr í heildar útgjöld fyrir verkþætti svo sem vinnu í vettvangsferðum, akstur, dagpeninga og úrvinnslu.

Að loknu verkefninu var kostnaður tekinn saman og reyndist hann þá vera 5,733,100 kr. Meiri vinna fór í úrvinnslu ganga en upphaflega var gert ráð fyrir en minni tími fór í vettvangferðir. Styrkur kvískerjasjóðs nam því um 10% af kostnaði verkefnisins. Kom styrkurinn því að góðum notum til að koma verkefninu af stað og afla grunnþekkingar um útbreiðslu tröllasmiðs

Með fyllstu vinsemd og virðingu,

Hólmfríður Jakobsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir